

# Verklagsreglur

## um viðbrögð við vandamálum er varða nemendur í grunnskólum Sveitarfélagsins Árborgar

Verklagsreglurnar taka mið af reglugerð (1040/2011) um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Um er að ræða lítilsháttar endurskoðun á verklagsreglum frá 2012 en þá var stuðst við verklagsreglur Menntasviðs og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar frá júní 2010. Loks er tekið mið af áherslum sem grunnskólarnir í sveitarfélaginu hafa mótað í þessum málaflokki, sem og ráðgjafar hjá félagsþjónustu og skólþjónustu.

### Verklagsreglunum er ætlað að:

- mynda samræmt verklag í grunnskólum sveitarfélagsins meðal annars gagnvart þeim nemendum sem víkja verulega frá ábyrgð sinni og skyldum, sbr. reglugerð nr. 1040/2011 og skólareglur<sup>1</sup> hvers grunnskóla í Sveitarfélaginu Árborg,
- auðvelda starfsfólki grunnskóla að bregðast við vanda er upp kemur hjá nemendum, svo sem vegna ástundunar, hegðunar, samskipta, skólasóknar eða neyslu vímuefna,
- skýra ábyrgð einstakra stofnana sveitarfélagsins við vinnslu mála þar sem vandi nemenda er alvarlegur og fjölþættur
- auðvelda skólum markvisst starf sem veitir þeim nemendum stuðning sem sýna af sér óæskilega hegðun og/eða slaka ástundun og leitast við að koma skólagöngu þeirra í viðunandi horf í samstarfi við foreldra
- skapa vinnulag sem tryggir skilvirka samvinnu stofnana þannig að hlutverk aðila séu skýr og markmið skilgreind
- auðvelda aðilum skólasamfélagsins að vinna saman í erfiðum málum sem upp kunna að koma en skýru verklagi er meðal annars ætlað að minnka líkur á misskilningi, ólíkri túlkun og samskiptavanda undir slíkum kringumstæðum.

### A . Verklagsregla um viðbrögð við hegðunar- og samskiptavanda nemenda.

1. Kennari leitar orsaka fyrir vanda nemandans, hvetur hann til þess að bæta sig og gefur honum tækifæri til að tjá skoðanir sínar í málum sem hann varða og skal tekið réttmætt tillit til þeirra. Í eineltismálum er unnið í samræmi við eineltisáætlun viðkomandi skóla.
2. Kennari hefur samskipti við foreldra<sup>2</sup> og hvetur þá til að aðstoða nemandann.
3. Skólastjórnandi heldur fund með foreldrum og nemanda þar sem hvatt er til umbóta og leitað orsaka vandans. Skólastjórnandi leggur málið fyrir nemendaverndarráð ef málið er þess eðlis.<sup>3</sup> Ávallt skal upplýsa foreldra um að máli barna þeirra sé formlega vísað til skólastjóra eða nemendaverndarráðs.

<sup>1</sup> Hver grunnskóli setur sér skólareglur með skýrum viðbrögðum við brotum við reglunum og þar eiga úrræði og viðbrögð helst að stuðla að jákvæðri hegðun og miða að því að rækta persónuþroska og hæfni nemenda.

<sup>2</sup> Foreldrar teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

<sup>3</sup> Nýta skal til fullnustu allar þær leiðir sem skólinn hefur tiltækar, svo sem viðtöl við nemandann sjálfan og foreldra hans og eftir atvikum með samningum. Sérstaklega skal skoða þroska nemanda, náms- og kennsluhætti, skólabrag, samsetningu námshópa, aðstæður í nemenda- og félagahópnum, samskipti kennara og nemenda og samstarf heimila og skóla. Sjá nánar 12. grein *Reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum* (1040/2011).

4. Ef ekki næst viðunandi árangur óskar skólastjóri og/eða foreldrar eftir ráðgjöf og þjónustu frá náms- og starfsráðgjafa og/eða skólaþjónustu sem vinnur með skólastjóra og foreldrum að lausn málsins.
5. Teymi stofnað í kringum málið ef á þarf að halda. Fulltrúi skólans leiðir teymið.
6. Finnist ekki viðunandi lausn fyrir nemandann og ef málið er þess eðlis er það tilkynnt til barnaverndar og fræðslusviðs sveitarfélagsins.
7. Teymi vinnur í málinu með aðkomu barnaverndar og/eða fræðslusviðs. Fulltrúi skólans eða utanaðkomandi aðili leiðir teymið og ber ábyrgð á vinnu þess. Á meðan unnið er í málinu getur nemandinn verið í heimaskóla, tímabundinni brottvísun eða í öðru sérúrræði.
8. Foreldrar eða skólar geta óskað eftir aðstoð sérstaks fagráðs, svo sem í úrlausn erfiðra eineltismála, sem starfar á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytisins ef ekki tekst að finna lausn innan viðkomandi skóla eða sveitarfélagsins, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Mennta- og menningarmálaráðuneyðið gaf út verklagsreglur 6. mars 2012 um vísun mála til fagráðsins, málsmeðferð, eftirfylgni o.fl.

## **B. Verklagsregla um viðbrögð við skólasóknar- og ástundunarvanda nemenda.**

1. Kennari leitar orsaka fyrir vanda nemandans, hvetur hann til þess að bæta sig og gefur honum tækifæri til að tjá skoðanir sínar í málum sem hann varða og skal tekið réttmætt tillit til þeirra.
2. Kennari hefur samskipti við foreldra og hvetur þá til að aðstoða nemandann.
3. Skólastjórnandi heldur fund með foreldrum og nemanda þar sem hvatt er til umbóta og leitað orsaka vandans. Skólastjóri leggur málið fyrir nemendaverndarráð ef ástæða er til. Ávallt skal upplýsa foreldra um að máli barna þeirra sé formlega vísað til skólastjóra eða nemendaverndarráðs.
4. Ef ekki næst viðunandi árangur óskar skólastjóri og/eða foreldrar eftir ráðgjöf og þjónustu frá til að mynda skólaþjónustu eða náms- og starfsráðgjafa. Teymi stofnað um málið ef á þarf að halda.
5. Ráðgefandi aðili vinnur með skólastjóra og foreldrum að lausn málsins.
6. Finnist ekki viðunandi lausn fyrir nemandann þá er málið tilkynnt til barnaverndar<sup>4</sup> og fræðslusviðs.<sup>5</sup>
7. Teymi heldur utan um málið með aðkomu barnaverndar og það kemur sér saman um hver leiðir vinnu þess.

*Allur ferill máls skal skráður formlega og undantekningarlaust. Einnig skal nemandi gefinn kostur á að tjá sig ef fundið er að hegðun hans vegna brota á skólareglum. Þá ber foreldrum alltaf að taka þátt í meðferð máls, en telji foreldrar eða stjórnendur skóla að ekki ríki trúnaður eða traust í tengslum við umfjöllun máls barns er æskilegt að leita aðstoðar óvilhalls aðila<sup>6</sup>. Á einnig við um verklagsreglur C og D.*

<sup>4</sup> Barnavernd heyrir undir Félagsþjónustu Sveitarfélagsins Árborgar

<sup>5</sup> Fræðslusvið Sveitarfélagsins Árborgar.

<sup>6</sup> Sjá nánar í 5. grein *Reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum* (1040/2011).

## **C. Verklagsregla um viðbrögð við lögbrotum og alvarlegum brotum nemenda á skólareglum.**

*Með alvarlegum brotum á skólareglum er m.a. átt við: alvarlegt ofbeldi, þjófnað, innbrot í skóla (þar með talið í tölvukerfi), skemmdarverk, veggjakrot, áfengis- og fíkniefnaneytlu, sölu og dreifingu fíkniefna.*

Þegar ofangreind mál koma upp metur skólastjóri hverja af neðangreindum leiðum hann velur að fara:

### **Leið 1 Lausnarleið skóla**

1. Skólastjóri tilkynnir foreldrum um málið.
2. Nemandi sendur heim í samráði við foreldra á meðan málið er til frekari skoðunar. Ef samvinna næst ekki við foreldra getur komið til tímabundinnar brottvikningar nemanda á meðan ákvörðun er tekin um framhald málsins.
3. Ef um ofbeldi er að ræða hefur skólastjóri samband við foreldra þolanda. Ef ekki er um kæru að ræða leitar skólastjóri heimildar foreldra til lausnar málsins innan skólans.
4. Fundað með geranda og foreldrum hans um framhald málsins.
5. Tilkynning send til barnaverndar.
6. Lausnarleið ákveðin, af hálfu skólans, í samráði við aðila.
7. Finnist ekki viðunandi lausn innan heimaskóla aðstoðar fræðslusvið og barnavernd við að útvega nýtt úrræði.

### **Leið 2 Lögregla**

1. Skólastjóri tilkynnir foreldrum um málið.
2. Skólastjóri tilkynnir lögreglu um málið og fer fram á rannsókn þess.
3. Skólastjóri grípur til tímabundinnar brottvikningar nemanda ef ástæða er til. Hér fer viðeigandi vinna í gang hjá barnavernd og lögreglu.

### **Leið 3 Vímuefnavandi**

**Ef grunur leikur á því að nemandi sé undir áhrifum vímuefna í skólanum/á skólalóð.**

1. Skólastjóri tilkynnir foreldrum og lögreglu um málið ef um rökstuddan grun er að ræða.
2. Skólastjóri tilkynnir málið til barnaverndar ef um rökstuddan grun er að ræða.
3. Skólastjóri ákveður hvort vísa eigi nemanda úr skóla tímabundið meðan málið er óútkljáð í samráði við foreldra og barnavernd.
4. Þegar rökstuddur grunur leikur á að nemandi sé undir áhrifum vímuefna á skólatíma og/eða stuðlar að dreifingu slíkra efna er heimilt við slíkar aðstæður, að höfðu samráði við foreldra, að láta þar til bæra aðila meta reglulega ástand viðkomandi nemanda og meina honum að sækja skóla þar til fyrir liggur að hann sé ekki lengur undir áhrifum vímuefna.<sup>7</sup>
5. Ef ágreiningur kemur upp milli foreldra og skóla skal leita til fræðslusviðs.

---

<sup>7</sup> 13. grein reglugerðar nr. 1040/2011.

**Ef grunur er um að nemandi hafi vímuefni undir höndum, dreifir eða selur í skólanum/á skólalóð.**

1. Skólastjóri tilkynnir málið til barnaverndar og lögreglu.
2. Skólastjóri tilkynnir foreldrum málið.
3. Skólastjóri grípur til tímabundinnar brottvikningar nemanda ef ástæða er til.
4. Lögregla rannsakar málið, málið fer eftir leið 2.
5. Finnist ekki viðunandi lausn innan heimaskóla sér fræðsluvið um að útvega nýtt skólaúrræði.

*Allur ferill máls skal skráður formlega og undantekningarlaust.*

**D. Verklagsregla vegna trúnaðarbrests milli foreldra og skóla.**

1. Skólastjóri leitar upplýsinga hjá starfsfólki skólans vegna málsins.
2. Skólastjóri og foreldrar leita lausna í málinu.
3. Fræðsluvið kemur að málinu eftir beiðni frá skóla og/eða frá foreldrum.
4. Ráðgefandi aðili, svo sem frá skólalþjónustu, vinnur með fræðsluviði að málinu ef óskað er eftir. Einnig er lagt mat á það hvort stofna eigi teymi um málið. Ef það verður niðurstaðan leiðir fræðsluvið vinnu þess. Jafnframt er hægt að óska eftir aðkomu barnaverndar og/eða félagsþjónustu ef á þarf að halda.

**E. Líkamlegt inngríp í mál nemenda vegna óásættanlegrar og/eða skaðlegrar hegðunar<sup>8</sup>**

1. Starfsfólki skóla er óheimilt að beita líkamlegum refsingum og líkamlegu inngrípi í refsingarskyni.
2. Ef háttsemi nemenda leiðir af sér hættu fyrir samnemendur og/eða starfsfólk skóla ber starfsfólki skylda til að bregðast tafarlaust við slíku með líkamlegu inngrípi. Á einvörðungu við háttsemi sem getur leitt til líkamstjóns, stórfellds eignatjóns eða röskunar á almannahagsmunum.<sup>9</sup>
3. Tafarlaust skal látið af líkamlegu inngrípi þegar hættuástand er liðið hjá.
4. Slíkt atvik skal án undantekninga vera tilkynnt til skólastjóra, einnig skráð og varðveitt í skólanum sem og ferill máls og ákvarðanir sem teknar eru í kjölfarið.<sup>10</sup>
5. Gefa skal foreldrum og viðkomandi nemendum kost á að tjá sig um skráða atvikalýsingu. Atvikaskráning skal fela í sér lýsingu á aðdraganda, sjálfum atburðinum og mati á þeirri hættu sem orsakast hefði af athafnaleysi. Einnig skal skrá viðbrögð foreldra og nemenda við því mati.
6. Þegar slíkar aðstæður koma upp í skóla, sbr. lið 2, er mikilvægt að starfsfólk vinni ekki eitt og kalli eftir aðstoð annars starfsfólks eða viðeigandi aðstoð, til dæmis frá lögreglu, heilsugæslu eða öðrum eftir atvikum.

*Allur ferill máls skal skráður formlega og undantekningarlaust.*

**Endurskoðaðar verklagsreglur Fræðsluviðs og Félagsþjónustusviðs Sveitarfélagsins Árborgar, desember 2015.**

*Við gerð verklagsreglnanna var leitað umsagnar hjá skólastjórnendum, stjórnendum og ráðgjöfum á félagsþjónustusviði og fræðsluviði, skólaráðum og fræðslunefnd.*

<sup>8</sup> Sjá nánar í 13. grein reglugerðar nr. 1040/2011.

<sup>9</sup> Ávallt skal gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til í samræmi við meðalhófsreglu 12. gr. Stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

<sup>10</sup> Í samræmi við lög um persónuvernd nr. 77/2000.